

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Austurvegur 69, Selfossi, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 13. apríl 2023, tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Austurveg 69, Selfossi. Breytingin felst í að skipulagssvæðið stækkar um 523 m<sup>2</sup>. Gerðar eru smávægilegar breytingar á aðkomuleiðum. Þá er bætt við þremur nýjum lóðum/byggingarreitum og eykst við það heildarbyggingarmagn úr 31.520 m<sup>2</sup>, í 38.419 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 (reit VP6) og aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029.

Skipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 12. júní 2023.*

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 26. júní 2023